

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á 2. ársfjórðungi 2007

Í dag verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2007 og um stöðu þjóðarbúsins í lok júní.¹

Viðskiptahallinn var 51 ma.kr. á öðrum fjórðungi ársins samanborið við 29 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Aukningin skýrist af meiri halla á vöruskiptajöfnuði sem var 31 ma.kr. samanborið við 8 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Hins vegar voru þjónustujöfnuður og jöfnuður þáttatekna nánast óbreyttir frá fyrsta ársfjórðungi. Helmingur þáttatekna er endurfjárfestur hagnaður Íslendinga í erlendum fyrirtækjum en á gjaldahlið vega þyngst vaxtagjöld af erlendum lántökum.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Apríl - júní</i>		<i>Janúar - júní</i>	
	<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2006</i>	<i>2007</i>
Viðskiptajöfnuður	-69,9	-51,0	-124,7	-79,6
Útflutningur vöru og þjónustu	101,9	95,6	179,1	204,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-155,5	-139,0	-277,8	-267,4
Þáttatekjur og framlög, nettó	-16,4	-7,6	-26,0	-16,5
Fjármagnsjöfnuður	217,8	158,4	432,5	136,4
Fjármagnshreyfingar án forða	206,8	156,5	425,7	134,8
Erlendar eignir, nettó	-45,2	-646,9	-404,3	-1232,1
Erlendar skuldir, nettó	252,0	803,4	830,0	1366,9
Gjaldeyrisforði (- aukning)	11,4	2,5	7,7	2,6
Skekkjur og vantalið nettó	-147,9	-107,4	-307,8	-56,8

Hreint fjárinnstreymi nam 158,4 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi sem er mikill viðsnúningur frá fyrsta fjórðungi ársins, en þá var 22 ma.kr. fjárústreymi. Tvær meginskýringar eru á þessari þróun, annars vegar var bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi um 100 ma.kr. meiri og hins vegar voru erlendar lántökur 110 ma.kr. hærri á öðrum fjórðungi en þeim fyrsta.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Skekkjuliður í ársfjórðungsuppgjörinu er stór, en þess ber að gæta að um bráðabirgðatölur er að ræða. Vonir standa til að skekkjuliðurinn minnki þegar áreiðanlegri tölur berast, eins og reyndin varð með fyrsta ársfjórðung. Með nýrri og betri tölum hefur skekkjuliðurinn á þeim fjórðungi minnkað til muna frá því sem birt var í júní sl.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.472 ma.kr. í lok annars ársfjórðungs og hafði versnað um 133 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar skammtímaskuldir hækkðu um 371 ma.kr. á fjórðungnum, einkum vegna hækkunar á innstæðum erlendra aðila í innlendum innlánsstofnunum.

Nánari upplýsingar veitir Kristína Baldursdóttir, forstöðumaður á upplýsingasviði bankans í síma 569-9600.